

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2018

NÁMSKEIÐ

Janúarnámskeið

Leiðtoga námskeið með áherslu á sjálfstyrkingu, framkomu, hugleiðingagerð og uppbyggingu í æskulýðsfélaga fyrir leiðtoga, æskulýðsfulltrúa, djákna og presta var haldið í Skálholti þriðju helgina í janúar. Námskeiðið var vel sótt og er stefnan að námskeið í janúar verði að árlegum viðburði.

Easter Course

Í ár verður Easter Course haldið af European Fellowship í Finnlandi vikuna 26. mars til 1. apríl nk. Easter course er skemmtileg blanda af sumarbúðum, leiðtogapjálfun og ferðalagi fyrir ungt fólk í kristilegu starfi á aldrinum 18-25 ára. Þátttakendur koma víðs vegar að úr Evrópu. Tveir þátttakendur frá Íslandi verða á námskeiðinu.

Hautnámskeið ÆSKÞ og ÆSKR

Verður haldið í Reykjavík, í tengslum við Hautnámskeið Biskupsstofu.

Alþjóðlegt leiðtoganámskeið

Stefnt er á að halda alþjóðlegt leiðtoganámskeið á norðurlandi í ágúst. Námskeiðið er skipulagt af ÆSKÞ í samstarfi við EYCE og European Fellowship. Efnistöknámskeiðsins eru leikir og leikjafræði og hvernig má nýta leiki til að rjúfa félagslega einangrun unglunga.

Verndum Þau

Námskeið verður haldið á austurlandi í haust.

FARSKÓLI LEIÐTOGAEFNA

Reykjavík

Farskóli leiðtogaefna er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Í ár eru 20 nemendur af höfuðborgarsvæðinu og frá Selfossi. Stefnt er að útskrift úr Farskóla leiðtogaefna 21. mars næst komandi. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKÞ, ÆSKR og Biskupsstofu.

Skólastjóri er Magnea Sverrisdóttir. Áætlað er að Farskólinn hefjist síðan á ný á haustmánuðum.

Austurland

Farskólinn er einnig kenndur á Austurlandi í samstarfi ÆSKA og Biskupsstofu og þar eru 23 nemendur. Skólastjóri er Ægir Örn Sveinsson.

VIÐBURÐIR

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Verkefnastjórar í ár verða Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson. Kirkjuþingið mun fara fram 26 maí. Við hverjum leiðtoga til að útnefna fulltrúa til þátttöku.

Gleðigangan

ÆSKP stefnir að því að taka þátt í gleðigöngunni fimmta árið í röð. Hjalti Jón Sverrisson mun leiða verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 11. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum.

ÆSKULÝÐSMÓT

Sumarmót

Stefnt er að halda fyrstu sumarmót ÆSKP aðra helgina í Júní. Verður mótið haldið á Úlfjótuvatni og gert ráð fyrir að þátttakendur gisti í eigin tjöldum. Mótið er haldið í tilraunaskyni og verður frekar einfalt í sniðum að þessu sinni svo hægt verði að læra af framkvæmdinni og byggja upp árlegan viðburð sem eykur flóruna og lengir starfsár æskulýðsfélaganna. Katrín Helga og Eva Björk fara fyrir skipulagningu viðburðarins.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður að þessu sinni haldið á Egilsstöðum á haustmánuðum. Lokadagsetning er væntanleg, en bæjarstjórn hefur lagt upp með að mótið fari fram í vetrarfríi grunnskólana á austurlandi og bíðum við eftir svári með staðfestri dagsetning þess.

Þema mótsins eru leikir og leiðir til að rjúfa félagslega einangrun unglunga. Jóhanna
Ýr Jóhannsdóttir verður Landsmótsstjóri að þessu sinni.